

**Hágöngumiðlun. Umsögn um athugasemdir
Náttúruverndarráðs**

**Elsa G. Vilmundardóttir,
Ingibjörg Kaldal**

Greinargerð EGV-IK-96-01

1996-3-26

HÁGÖNGUMIÐLUN UMSÖGN UM ATHUGASEMDIR NÁTTÚRUVERNÐARRÁÐS

Að beiðni Helga Bjarnasonar, verkfræðings á Landsvirkjun (skv. símbrefi dags. 13. mars 1996) höfum við tekið saman athugasemdir og leiðréttingar við umsögn Náttúruverndarráðs (NVR), til Skipulags ríkisins dags. 11. 3. 1996. Umsögnin ber það með sér að nokkuð skortir á að Náttúruverndarráð (NVR) og Skipulag ríkisins hafi haft fulla vitneskju um ýmsar rannsóknir og rannsóknaniðurstöður er varða jarðfræði og vatnafar svæðisins við Hágöngur.

Í athugasemdum NVR kemur því miður fram veruleg vanþekking á stöðu jarðfræðirannsókna og jarðfræðiþekkingar, sem úr hefði mátt bæta með því að hafa samband við þá aðila þá Orkustofnun, sem að þeim málum hafa unnið á umræddu svæði eins og fram kemur í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum. Ályktanir þær sem NVR hefur dregið, verða því að skoðast ófullnægjandi og er þörf á ýmsum leiðréttingum í því sambandi.

Í bréfi NVR segir m.a.: "*að jarðfræðirannsóknir hafi fyrst og fremst tekið mið af fyrirhuguðum virkjunum*". Þetta er ekki rétt. Jarðfræðirannsóknirnar eru unnar með þeim hætti að afla sem mestra almennra upplýsinga um jarðfræði og vatnafar svæðisins með langtímasjónarmið í huga um landnýtingu - og þá um leið náttúruvernd - og að því leyti óháðar þeim framkvæmdum sem næst kann að verða ráðist í. Í þessu sambandi má benda á að unnið var að jarðfræðikortlagningu á svæðinu milli Þjórsár og Köldukvíslar á árabílinu 1988-1992 og var hún liður í kerfisbundinni jarðfræðikortlagningu á vatnasviði Þjórsár ofan Búrfells sem hófst uppúr 1980 og hefur verið samstarfsverkefni Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Það var hins vegar 1993 sem hugmyndin um Hágöngumiðlun kom fyrst fram (Haukur Tómasson 1993).

Sl. sumar var unnið nokkra daga við berggrunns- og jarðgrunnskortlagningu á Hágöngusvæðinu. Var þar um að ræða endurskoðun og viðbætur við fyrri rannsóknir og í framhaldi af því var gengið frá tölvuunnum jarðfræðikortum af Hágöngusvæðinu, sem voru prentuð á tölvuteiknara Orkustofnunar og gefin út (Elsa G. Vilmundardóttir og Ingibjörg Kaldal 1995).

Í bréfi Náttúruverndarráðs er staða rannsókna á vatnafari svæðisins vanmetin svo ekki sé meira sagt. Þar segir að ekki hafi verið gerð heildarúttekt á vatnafari. Staðreyndin er hins vegar sú að til er meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands um vatnafar svæðis þess sem er innan kortblaðs Nyrðri Háganga 1914 II (Árni Hjartarson 1994). Ritgerðinni fylgir handrit af vatnafarskorti í mælikvarða 1:50.000 og er landssvæði Hágöngumiðlunar á kortinu. Vandfundið er annað svæði á hálendinu sem er jafn vel rannsakað með tilliti til vatnafars. Ljósrit af hluta vatnafarskorts Árna Hjartarsonar er í skýrslu Landsvirkjunar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen 1995 um mat á umhverfisáhrifum (teikning nr. 93-384-2.12, aftast í skýrslunni).

Þar sem svo virðist sem Náttúruverndarráði sé ekki nægilega vel kunnugt um jarðfræðikortlagningu á miðhálendinu sem sérfræðingar á Orkustofnun hafa unnið að á undanförunum árum viljum

við vekja athygli á því að til eru berggunns- jarðgrunns- og vatnafarskort, í mælikvarða 1:50.000, prentuð eða í handriti, af vatnasviði Þjórsár ofan Búrfells og víðar. Prentuðu kortin hafa um árabíl verið í almennri sölu hjá Landmælingum Íslands og því vandræðalaust að afla þeirra, auk þess sem þau eru til í fórum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Til er á tölvutæku formi grunnur kortblaðsins Nyrðri Háganga 1914 II. Í skýrslu Elsu G. Vilmundardóttur og Ingibjargar Kaldal 1996 hefur u.þ.b. þriðjungur hans verið notaður undir berggrunns- og jarðgrunnskort af Hágöngusvæðinu og eru þau til í landupplýsingakerfinu ArcInfo. Til eru handrit að berggrunns-, jarðgrunns- og vatnafarskortum á kortgrunni Nyrðri Háganga 1914 II. Nauðsyn ber til að tölvuvinna kortblaðið í heild í ArcInfo og er þá hægt að fjölfalda það á viðeigandi hátt.

Í bréfi NVR er kvartað undan því að ekki séu til nákvæm kort af sérstæðum jarðmyndunum og náttúruminum. Kortlagning í mkv. 1:50.000 felur það í sér að allar jarðmyndanir eru kortlagðar, svo að sem skýrust heildarmynd náist og auðveldar það þeim, sem áhuga hafa, að átta sig á sérkennum í náttúrufari og eru grunnupplýsingar nú þegar fyrir hendi á áður nefndum kortum auk úttektar á jarðhita frá sl. sumri (Guðmundur Ómar Friðleifsson o.fl. 1995).

Við kortlagningu af þessum toga er um leið aflað upplýsinga, sem nýta má í skýringarit með útgefnum kortum eða í faglegar skýrslur um jarðfræði tiltekinna svæða. Því er að öðru jöfnu fyrirhafnarlítið að fá yfirlit um sérstæðar jarðmyndanir og jarðrænar náttúruminjar frá kortlagningar- aðilum.

Heimildir:

Arni Hjartarson 1994: Vatnafarskort og grunnvatnaskortlagning. Ritgerð til meistara-gráðu við Háskóla Íslands, 99 bls. og handrit af vatnafarskorti Nyrðri Háganga 1914 II.

Elsa G. Vilmundardóttir: Óbirt handrit af berggrunnskorti, Nyrðri Háganga 1914 II.

Elsa G. Vilmundardóttir og Ingibjörg Kaldal 1995: Hágöngumiðlun, Jarðfræðiathuganir sumarið 1995, unnið fyrir Landsvirkjun, Orkustofnun, OS-95059/VOD-09 B, 9 bls. og 3 kort.

Guðmundur Ómar Friðleifsson, Magnús Ólafsson og Jón Örn Bjarnason 1995: Hágöngumiðlun. Jarðhiti í Köldukvíslarbotnum, Orkustofnun, Jarðhitadeild, Greinargerð Góf-Mó-JÖB/95-02, 2 bls. og kort.

Haukur Tómasson 1993: Þjórsárveita til Þórisvatns, Orkustofnun, greinargerð HT-93/01, 7 bls. og kort.

Ingibjörg Kaldal: Óbirt handrit af jarðgrunnskorti, Nyrðri Háganga 1914 II.